

7. fundur Betadeildar starfsárið 2021 – 2022

Samvera Betasystra hófst að þessu sinni kl. 17:00 í kálverinu Urban Farm sem er rekið í tengslum við Hótel Akureyri. Daníel Smáráson tók þar á móti konum og kynnti starfsemi kálversins þar sem m.a. kál og kryddjurtir er framleitt fyrir gesti hótelsins sem og nærsamfélagið. Hugmyndina sagði hann felast í því að hlúa að sjálfbærni hótelsins auk þess að þjónusta samfélagið. Verkefnið fékk styrk frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og hefur verið í samstarfi við EIM og Landbúnaðarháskólann. Betasystur gæddu sér á framleiðslunni meðan á fróðlegri kynningu stóð. Eftir gott stopp var haldið í elsta hús Akureyrarbæjar, Laxdalshús þar sem ung hjón Jónína Björg Helgadóttir og Magnús Jón Magnússon reka veitingastað sem og myndlistarvinnustofu og prýða verk Jónínu veggj hússins. Þau sjá alfarið sjálf um móttöku, matargerð og þjónustu við gesti sína og var vel tekið á móti konum. Eftir borðhald og spjall hófst formleg dagskrá aðalfundur Betadeildar.

Aðalfundur Betadeildar haldinn í Laxdalshúsi 27. maí 2022

Mættar voru 16 Betakonur

1. Setning fundar

Hildur formaður setti fundinn og bauð Aðalbjörgu að kveikja á kertum. Hildur flutti kveðjur fjarstaddra kvenna. Jónína Björg fékk þá orðið og sagði frá tilurð þess að þau hjón hafi tekið ákvörðun um að hefja starfsemi í Laxdalshúsi þegar það stóð til boða. Þau hafi bæði mikinn áhuga á matargerð og að taka á móti gestum auk þess sem Jónína er myndlistarkona. Þau sáu tækifæri í að sameina áhugamál sín í þessu húsi og taka á móti gestum auk þess að Jónína sinnir þar sinni myndlist.

2. Lestur fundargerðar

Elín las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

3. Aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar 2020 - 2022

Hildur formaður flutti skýrslu stjórnar sem var samþykkt athugasemdalaust með lófataki.

b) Reikningar Betadeildar

Farið var yfir reikninga starfstímabilsins 2020-2021. Jafnframt var farið yfir reikninga Elísabetarsjóðs. Reikningar voru samþykktir.

c) Kosning stjórnar

Hildur setti var fram tillögu uppstillingarnefndar um að í nýrri stjórn sitji: Aðalbjörg Bragadóttir, Helena Sigurðardóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Laufey Petrea Magnúsdóttir og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir auk Hildar sem mun sitja í stjórn sem fráfaramandi formaður. Nýir stjórnarmenn voru samþykktir með lófaklappi. Þá fór fram kosning formanns og hlaut Aðalbjörg Bragadóttir kosningu með lófataki. Ný stjórn mun skipta nánar með sér verkum á nýju starfsári og finna sér gjaldkera.

d) Kosning í stjórn Elísabetarsjóðs

Þorgerður Sigurðardóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Anna Þóra Baldursdóttir gáfu allar kost á sér áfram í stjórn sjóðsins og hlutu kosningu með lófataki.

7. Önnur mál

- Aníta Jónsdóttir sagði frá námskeiði í leiðtogahæfni sem hún mun sækja í Texas og fær til þess styrk frá DKG. Aníta sagðist full þakklætis fyrir þá styrki sem henni hafa veist frá samtökunum og hvatti konur til að sækja um styrki.
- Þorgerður spurði eftir starfi 5. októbernefndar og svaraði Hildur að komið hafi verið á samstarf við KÍ og BKNE og mál séu í farvatninu.
- Dregið var í happdrættinu og hlaut Ingibjörg Auðuns vinninginn.

Undir lok fundar var Jónína kölluð fram í salinn og henni afhent rós með þökkum fyrir góðar móttökur. Aðalbjörg slökkti á kertum og formlegum fundi var slitið en konur sátu áfram dágóða stund með kaffibolla og sæta bita.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir